

# Breytingar á þingflokkum milli kosninga frá 1959

## Úttekt

*Þingflokkar gegna mikilvægu hlutverki á Alþingi. Þeir eru vettvangur samherja í stjórnámálum, formenn þeirra eru í senn í áhrifastöðu innan þingsins og í forystusveit þeirra stjórnálahreyfinga sem þeir tilheyra. Og enda þótt í 48. grein stjórnarskrár lýðveldisins segi að alþingismenn séu „eingöngu bundnir við sannfæringu sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum“ er hitt víst að stefna og uppbygging stjórnálaflokka og hlutverk þeirra við framboð til þingkosninga, og við skipulagningu og framkvæmd þeirra, gerir það að verkum að sterk tengsl verða milli þingmanna, stjórnálaflokka og þingflokka. Framkvæmd þingræðis hér á landi, þar sem rík hefð er fyrir því að þingmeirihluti standi að baki ríkisstjórnnum en minnihlutastjórnir eru fágætar, treystir einnig böndin milli þingmanna og þingflokka. Af þessum sökum og ýmsum öðrum telst það jafnan til nokkurra tíðinda þegar breytingar verða á skipan þingflokka á Alþingi milli þingkosninga en þær hafa allnokkrar orðið á undanförunum áratugum og ættu að vera allar taldar í þessari samantekt.*

*Orsakir þess að þingflokkar taka breytingum geta ýmist verið pólitískar eða tengst persónulegum aðstæðum þingmanna. Þegar ágreiningur ríkir um markmið eða leiðir í stjórnámálum getur svo farið að þingmaður taki þann kost að segja skilið við flokkinn sem hann fylgdi að málum þegar kosið var og gengur þá ýmist til liðs við annan stjórnálaflokk eða starfar utan flokka það sem eftir lifir kjörtímabils. Yfirleitt ríkir enginn vafi um það hvaða þingflokki þingmaður tilheyrir eða hvort hann er utan flokka. Þó eru fáein dæmi þess að um hríð hafi ekki verið vel ljóst um stöðu eins eða fleiri þingmanns hvað þetta varðaði. Þingflokkar geta klofnað eða runnið saman við aðra flokka að einhverju eða öllu leyti og eins geta ný stjórnáalaöfl myndast á milli þingkosninga með þeim afleiðingum að nýir þingflokkar verða til. Nokkur dæmi eru um þetta á þeim tíma sem liðinn er frá kjördæmabreytingunni 1959 og þau umfangsmestu tengjast umbrotum við endurmótun flokkakerfisins.*

*Þingmenn geta afsalað sér þingmennsku og það hefur á fimmta tug einstaklinga gert frá 1959. Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að þingmaður tekur slíka ákvörðun og oftast fylgir það afsali þingmennsku að sá eða sú sem í hlut á hverfur til starfa á öðrum vettvangi en hinum pólitíska. Flestir snúa ekki aftur þangað en nokkur dæmi eru þó um að fólk bjóði sig aftur fram síðar og nái þingsæti á nýjan leik. Mest brögð voru að þingmennskuafsali á 132. löggjafarþingi, sem stóð frá 1. október 2005 til 3. júní 2006, en þá sögðu sex þingmenn af sér, um 9,5% þingheims.*

*Frá 1959 hafa 17 aðalmenn á þingi látist meðan á þingmennsku stóð.*

*Þegar ekki er annars getið eru upplýsingar um þingflokka og breytingar á skipan þeirra sóttar í hina rafrænu útgáfu Alþingistíðinda á [vef Alþingis](#), í ritið Þingræði á Íslandi. Samtíð og saga, sem kom út árið 2011, einkum 12. kafla þess sem ber heitið „Samþætting meginvaldþátta ríkisins“ og er eftir Þorstein Magnússon, fyrrverandi varaskrifstofustjóra Alþingis, og enn fremur var leitað fanga í [Handbókum Alþingis 1999 til 2017](#), sérstaklega þeirri frá 1999 þar sem er samantekt um afsagnir og andlát þingmanna 1845–1999.*

KJÖRTÍMABILID 1959–1963

81. löggjafarþing, 10.10.1960–29.03.1961

[Garðar Halldórsson](#) lést 11. mars 1961. Sæti hans tók [Ingvar Gíslason](#).

## KJÖRTÍMABILÍÐ 1963–1967

85. löggjafarþing, 10.10.1964–12.05.1965

[Ólafur Thors](#) lést 31. desember 1964. Sæti hans tók [Axel Jónsson](#).

[Gunnar Thoroddsen](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 12. maí 1965. Sæti hans tók [Sveinn Guðmundsson](#) við upphaf 86. löggjafarþings.

86. löggjafarþing, 08.10.1965–05.05.1966

Bréf [Guðmundar Í. Guðmundssonar](#) um þingmennskuafsal hans<sup>1</sup> var lesið á þingfundi við upphaf 86. löggjafarþings og gegndi Guðmundur ekki þingmennsku á því þingi. Sæti hans tók [Friðjón Skarphéðinsson](#).

[Einar Ingimundarson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. febrúar 1966. Sæti hans tók [Óskar E. Levy](#).

87. löggjafarþing, 10.10.1966–19.04.1967

[Davíð Ólafsson](#) afsalaði sér þingmennsku 12. apríl 1967. Sæti hans tók [Ragnar Jónsson](#).

## KJÖRTÍMABILÍÐ 1967–1971

89. löggjafarþing, 10.10.1968–17.05.1969

[Björn Jónsson](#), [Hannibal Valdimarsson](#) og e.t.v. einnig [Steingrímur Pálsson](#), sem kjörnir voru á þing í alþingiskosningum 11. júní 1967 af framboðslistum Alþýðubandalagsins og I-lista, virðast ekki hafa tilheyrt þingflokki Alþýðubandalagsins á 89. löggjafarþingi en tilkynntu sig hvorki utan flokka né stofnuðu þeir sérstakan þingflokk á þessu löggjafarþingi.

Eins og frá er greint á [vef Alþingis](#) var stofnað til kosningabandalags, Alþýðubandalagsins, fyrir alþingiskosningarnar sem fóru fram sumarið 1956 af tveimur hreyfingum á vinstri væng stjórnmalanna; hin þriðja, Þjóðvarnarflokkurinn, bættist við 1963. Kosningabandalagið var við lýði til ársins 1968 er það varð að stjórnmalaflokki með sama heiti. Hannibal Valdimarsson var formaður Alþýðubandalagsins á árabílinu 1956–1968, meðan það var kosningabandalag, en sagði af sér formennsku er því var breytt í stjórnmalaflokk á landsfundi hreyfingarinnar 1.–3. nóvember 1968.<sup>2</sup> Formbreyting Alþýðubandalagsins var þó ekki ástæða afsagnar Hannibals heldur ágreiningur um stefnu hins nýja flokks og skipan forystu hans.

Í yfirliti á [vef Alþingis](#)<sup>3</sup> um úrslit þingkosninganna sem haldnar voru 11. júní 1967 segir af framboðsraunum Alþýðubandalagsins sem fólust í því að ekki náðist samkomulag með aðilum kosningabandalagsins um frambjóðendur í efstu sætum á framboðslista þess í Reykjavíkurborg. Varð það á endanum úr að tveir listar Alþýðubandalagsins voru boðnir fram í Reykjavík, G-listi og I-listi. Efstur manna á hinum síðarnefnda var formaður kosningabandalagsins, Hannibal Valdimarsson. Forsvarsmenn I-listans fóru fram á það við landskjörstjórn að hún heimilaði að I-listinn yrði talinn Alþýðubandalagsframboð og merktur bókstöfunum GG. Þetta vildu aðstandendur G-listans ekki fallast á þar sem listi þeirra hefði verið samþykktur á félagsfundi Alþýðubandalagsfélagsins í Reykjavík og væri hann því eini löglegi framboðslisti kosningabandalagsins en listi Hannibals og félaga hans því óviðkomandi. Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar reyndust ekki samstíga í málinu. Yfirkjörstjórn úrskurðaði að listinn sem Hannibal leiddi skyldi teljast utanflokkaframboð og fá listabókstafinn I. Þessari niðurstöðu breytti landskjörstjórnin og heimilaði að framboðslisti Hannibals fengi listabókstafina GG. Úrskurði landskjörstjórnar var fylgt við kosningafrákvæmd í Reykjavík, þar sem umræddur framboðslisti hafði listabókstafinn I, en þegar kom að úthlutun jöfnunarþingsæta fór landskjörstjórn eftir niðurstöðu sinni og taldi atkvæði greidd I-listanum til alþýðubandalagsatkvæða. Alþingi staðfesti þá niðurstöðu þegar úrskurðað var um kjörbréf Steingrims Pálssonar, sem kjörinn var af lista Alþýðubandalagsins í Vestfjarðakjördæmi sem 8. landskjörinn þingmaður, og Hannibal Valdimarsson var í þingflokki Alþýðubandalagsins er 88. löggjafarþing hófst haustið 1967.

<sup>1</sup> Ekki er getið um dagsetningu á afsagnarbréfi Guðmundar.

<sup>2</sup> *Frjáls þjóð* 7. október 1968. Bréf Hannibals Valdimarssonar til landsfundar Alþýðubandalagsins er birt á bls. 3 og 7. Hannibal sagði af sér formennsku í Alþýðubandalaginu í bréfi þessu en sagði sig ekki úr flokknunum. Hann mun þó ekki hafa talist til alþýðubandalagsmanna eftir þetta og að líkindum er það þetta bréf hans sem Óskar Guðmundsson kallar „harðorða yfirlýsingu þar sem hann [H.V.] sagði formlega skilið við Alþýðubandalagið“ í riti hans *Alþýðubandalagið – áttasaga*, Reykjavík 1987, bls. 141.

<sup>3</sup> Sjá einnig grein Sigurðar Péturssonar um Hannibal Valdimarsson í *Andvara XLV*, 128. árg. (2003), bls. 11–87.

Fjölmíðlar fluttu af því fregnir við upphaf 89. löggjafarþings,<sup>4</sup> sem sett var 10. október 1968, að þrír þingmenn Alþýðubandalagsins, [Björn Jónsson](#), [Hannibal Valdimarsson](#) og [Steingrímur Pálsson](#) hefðu gert samkomulag við Framsóknarflokkinn um nefndakosningu á Alþingi. Taldi *Þjóðviljinn* að með þessu hefðu þingmennirnir sagt skilið við þingflokk Alþýðubandalagsins og í yfirlýsingu þeirra sem birt var í *Morgunblaðinu*<sup>5</sup> sögðu þingmennirnir að þeir hefðu „ekki sótt fundi þingflokks Alþýðubandalagsins um alllangt skeið“. Enn fremur hafði blaðamaður *Alþýðublaðsins*<sup>6</sup> veitt því athygli að þremmingarnir mættu ekki til fundar í þingflokki Alþýðubandalagsins á fyrsta þingdegi haustsins „frekar en þeir gerðu síðastliðinn vetur, heldur héldu sinn eigin fund“ og því var haldið fram í „Staksteinum“, pólitískum fréttá- og athugasemdadálki *Morgunblaðsins*,<sup>7</sup> að þrír þingmenn Alþýðubandalagsins hefðu ekki sótt þingflokksfundum síðastliðinn vetur [1967–1968] og að flokkurinn hefði verið klofinn allt frá kosningum 1967.

90. löggjafarþing, 10.10.1969–04.05.1970

[Pétur Benediktsson](#) lést 29. júní 1969. Sæti hans tók [Axel Jónsson](#).

[Skúli Guðmundsson](#) lést 5. október 1969. Sæti hans tók [Jón Kjartansson](#).

[Sigurður Bjarnason](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. mars 1970. Sæti hans tók [Ásberg Sigurðsson](#).

[Björn Jónsson](#) og [Hannibal Valdimarsson](#), sem kjörnir höfðu verið af framboðslistum Alþýðubandalagsins í þingkosningum 11. júní 1967, greindu forseta Alþingis frá því með bréfi dagsettu 19. desember 1969 að þeir hefðu þann sama dag myndað þingflokk Samtaka frjálslyndra og vinstri manna. Forseti sameinaðs þings tilkynnti þetta samdægurs á þingfundi.<sup>8</sup> Þingmennirnir tveir höfðu ekki átt aðild að þingflokki Alþýðubandalagsins um alllangt skeið þegar hér var komið, sbr. það sem fram kemur hér að framan um þingflokksaðild þeirra á 89. þingi.

91. löggjafarþing, 10.10.1970–07.04.1971

[Bjarni Benediktsson](#) lést 10. júlí 1970. Sæti hans tók [Geir Hallgrímsson](#).

[Karl Guðjónsson](#) sagði sig úr þingflokki Alþýðubandalagsins með bréfi til þingflokksins 27. október 1970. Karl tilkynnti um úrsögnina á fundi í sameinuðu þingi 28. október og var utan flokka þar. til 91. löggjafarþingi var slitið 7. apríl 1971 og þingferli hans lauk.

KJÖRTÍMABILID 1971–1974

93. löggjafarþing, 10.10.1972–18.04.1973

[Bjarni Guðnason](#) tilkynnti um úrsögn sína úr þingflokki Samtaka frjálslyndra og vinstri manna í þingræðu (við umræður utan dagskrár) í neðri deild Alþingis 18. desember 1972 og var eftir það utan flokka þar til kjörtímabilinu lauk er 94. löggjafarþing var rofið 9. maí 1974. Bjarni hafði forystu um stofnun Frjálslynda flokksins 1. desember 1973, og var formaður hans, en þessi flokkur myndaði aldrei þingflokk. Bjarni var varaþingmaður á 100., 106. og 108. löggjafarþingi og var hann þá í þingflokki Alþýðuflokksins.

94. löggjafarþing, 10.10.1973–09.05.1974

[Gísli Guðmundsson](#) lést 4. nóvember 1973. Sæti hans tók [Jónas Jónsson](#).

---

<sup>4</sup> *Þjóðviljinn* 12. október 1968. – *Tíminn* 15. október 1968. – *Morgunblaðið* 15. október 1968.

<sup>5</sup> *Morgunblaðið* 16. október 1968.

<sup>6</sup> *Alþýðublaðið* 11. október 1968.

<sup>7</sup> *Morgunblaðið* 12. september 1968.

<sup>8</sup> *Alþingistíðindi* frá 88. og 89. þingi veita ekki vitneskju um þingflokksaðild Hannibals Valdimarssonar, Björns Jónssonar og Steingríms Pálssonar á þessum þingum en aðrar heimildir benda sterklega til þess að a.m.k. Hannibal og Björn hafi hætt að sækja þingflokksfundum Alþýðubandalagsins þegar á 88. löggjafarþingi og ekki átt afturkvæmt þangað. Vitað er að Hannibal sagði endanlega skilið við Alþýðubandalagið í nóvemberbyrjun 1968 en þess sjást ekki merki í *Alþingistíðindum* að hann hafi þá sagt sig sérstaklega úr þingflokki Alþýðubandalagsins, e.t.v. vegna þess að hann var í raun löngu farinn úr honum. Nýr þingflokkur Samtaka frjálslyndra og vinstri manna sem Hannibal og Björn Jónsson gengu í var þó ekki stofnaður fyrr en 19. desember 1969. Steingrímur Pálsson gekk ekki í hinn nýja þingflokk. Þingsetu hans lauk við lok kjörtímabilsins og slit 91. löggjafarþings 7. apríl 1971.

## KJÖRTÍMABILID 1974–1978

99. löggjafarþing, 10.10.1977–06.05.1978

[Jón Árnason](#) lést 23. júlí 1977. Sæti hans tók [Ingiberg J. Hannesson](#).

## KJÖRTÍMABILID 1979–1983

105. löggjafarþing, 11.10.1982–14.03.1983

[Vilmundur Gylfason](#) greindi frá því á þingfundi 18. desember 1982 að hann hefði sagt sig úr Alþýðuflokknum og þingflokki hans þennan sama dag. Vilmundur skýrði jafnframt frá því að í undirbúningi væru ný stjórn málasamtök, Bandalag jafnaðarmanna, sem hann hygðist eiga aðild að. Vilmundur var utan flokka til loka kjörtímabilsins 22. apríl 1983. Hann var kjörinn á þing af framboðslista Bandalags jafnaðarmanna í þingkosningum 23. apríl 1983 en lést áður en 106. löggjafarþing kom saman 10. október 1983. [Stefán Benediktsson](#) tók sæti á Alþingi í stað Vilmundar.

[Benedikt Gröndal](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. september 1982. Sæti hans tók [Jón Baldvin Hannibalsson](#).

## KJÖRTÍMABILID 1983–1987

106. löggjafarþing, 10.10.1983–22.05.1984

[Ellert B. Schram](#), sem kjörinn var á þing af framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborgardæmi í þingkosningum 23. apríl 1983, óskaði eftir leyfi frá þingstörfum frá 1. október 1983 með bréfi til forseta Alþingis dagsettu 23. september 1983 sem aldursforseti þingsins las á fyrsta fundi 106. löggjafarþings 10. október 1983.<sup>9</sup> Í bréfi Ellerts til Alþingis dagsettu 10. október 1983 greindi hann frá því að hann yrði fjarverandi frá þingstörfum fram yfir jólaleyfi þingsins. Ellert tilkynnti síðan forseta neðri deildar Alþingis með bréfi dagsettu 23. janúar 1984 að hann yrði í leyfi frá þingstörfum það sem eftir væri af 106. löggjafarþingi og greindi forseti sameinaðs þings frá þessu á fundi í sameinuðu þingi 24. janúar 1984.

Ellert tók að nýju sæti á Alþingi við upphaf 107. löggjafarþings 10. október 1984. Hann sagði sig ekki úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins en samkvæmt frétt í *Morgunblaðinu*<sup>10</sup> fór hann fram á það þegar þingheimur kom saman að „þurfa ekki að gegna nefnda- né trúnaðarstörfum“. Féllst þingflokkurinn á þetta og Ellert lýsti sig „óháðan gagnvart ákvörðunum þingflokks og ríkisstjórnar“ en hugðist sækja þingflokksfundu „eftir efnun og ástæðum“. Samkvæmt því sem eftir þingflokksformanni sjálfstæðismanna er haft í sama tölublaði *Morgunblaðsins* og flutti fréttina af stöðu Ellerts gagnvart þingflokki og ríkisstjórn hafði hann ekki sótt þingflokksfundu frá því að 107. þing hófst. Ellert mun ekki hafa sótt þingflokksfundu sjálfstæðismanna það sem eftir lifði kjörtímabilsins.<sup>11</sup>

[Ólafur Jóhannesson](#) lést 20. maí 1984. Sæti hans tók [Haraldur Ólafsson](#).

107. löggjafarþing, 10.10.1984–21.06.1985

[Lárus Jónsson](#) afsalaði sér þingmennsku með bréfi dagsettu 1. september 1984, sem aldursforseti las á þingsetningarfundu 10. október 1984. Sæti hans tók [Björn Dagbjartsson](#).

[Tómas Árnason](#) afsalaði sér þingmennsku með bréfi dagsettu 27. desember 1984 sem forseti sameinaðs þings las á þingfundi 28. janúar 1985 er Alþingi kom saman að loknu jólaleyfi. Sæti hans tók [Jón Kristjánsson](#).

109. löggjafarþing, 10.10.1986–19.03.1987

[Kristín S. Kvaran](#), sem kjörin var á þing í þingkosningum 23. apríl 1983, af framboðslista Bandalags jafnaðarmanna, gekk í þingflokk Sjálfstæðisflokksins 14. október 1986. Forseti sameinaðs þings skýrði frá því á þingfundi þennan dag að borist hefði bréf frá þingflokki sjálfstæðismanna um að Kristín S. Kvaran hefði tekið sæti í þingflokknum.

[Guðmundur Einarsson](#), [Kolbrún Jónsdóttir](#) og [Stefán Benediktsson](#), sem kjörin voru á þing í þingkosningum 23. apríl 1983 af framboðslistum Bandalags jafnaðarmanna, gengu í þingflokk Alþýðuflokksins við upphaf 109.

<sup>9</sup> Sjá og *Morgunblaðið* 24. september 1983.

<sup>10</sup> *Morgunblaðið* 24. október 1984.

<sup>11</sup> Sjá grein Halldórs Blöndals alþingismanns í *DV* 1. desember 1987.

löggjafarþings. Forseti sameinaðs þings greindi frá því á þingfundi 14. október, daginn eftir setningu 109. löggjafarþings, að borist hefði bréf frá þingflokki Alþýðuflokksins, dagsett þann sama dag, þar sem tilkynnt var að framangreindir þrír þingmenn væru gengnir í þingflokkinn. Í bréfinu kom fram að vistaskiptin hefðu verið afráðin „nokkru fyrir upphaf þings“. Þingferli þremmenninganna lauk við lok kjörtímabilsins og slit 109. löggjafarþings 19. mars 1987.

#### KJÖRTÍMABILID 1987–1991

110. löggjafarþing, 10.10.1987–11.05.1988

[Sverrir Hermannsson](#) afsalaði sér þingmennsku með bréfi dagsettu 17. maí 1988 sem forseti las á setningardegi Alþingis 10. október 1988. Sæti Sverris tók [Kristinn Pétursson](#).

111. löggjafarþing, 10.10.1988–20.05.1989

[Albert Guðmundsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 3. apríl 1989. Sæti hans tók [Benedikt Bogason](#).

[Hreggviður Jónsson](#) og [Ingi Björn Albertsson](#) sögðu sig úr þingflokki Borgaraflokksins 13. apríl 1989. Ingi Björn tilkynnti um úrsögnina á fundi í sameinuðu þingi þennan sama dag og greindi þá jafnframt frá stofnun nýs þingflokks, þingflokks Frjálslyndra hægrimanna, sem í voru þeir Hreggviður og Ingi Björn, og var við lýði til 4. maí 1990 en þann dag tilkynnti Ingi Björn í ræðu í neðri deild Alþingis að þingflokkur Frjálslyndra hægrimanna gengi til liðs við þingflokk Sjálfstæðisflokksins.

112. löggjafarþing, 10.10.1989–05.05.1990

[Benedikt Bogason](#) lést 30. júní 1989. Sæti hans tók [Ásgeir Hannes Eiríksson](#) þegar 113. löggjafarþing hófst.

[Kjartan Jóhannsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. ágúst 1989. Sæti hans tók [Rannveig Guðmundsdóttir](#).

[Kristín Halldórsdóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 10. september 1989 vegna skiptareglu sem Samtök um kvennalista höfðu í sínu skipulagi og fól það í sér að þingkonur gegndu ekki þingmennsku lengur en 6 til 8 ár. Sæti Kristínar tók [Anna Ólafsdóttir Björnsson](#).

113. löggjafarþing, 10.10.1990–20.03.1991

[Guðrún Agnarsdóttir](#) afsalaði sér þingmennsku 28. september 1990. Sæti hennar tók [Guðrún J. Halldórsdóttir](#).

[Birgir Ísleifur Gunnarsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. febrúar 1991. Sæti hans tók [Sólveig Pétursdóttir](#).

#### KJÖRTÍMABILID 1991–1995

117. löggjafarþing, 01.10.1993–17.06.1994

[Jón Sigurðsson](#) afsalaði sér þingmennsku 14. júní 1993. Sæti hans tók [Guðmundur Árni Stefánsson](#).

[Eiður Guðnason](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. september 1993. Sæti hans tók [Gísli S. Einarsson](#).

[Karl Steinar Guðnason](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. október 1993. Sæti hans tók [Petrína Baldursdóttir](#).

[Steingrímur Hermannsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. maí 1994. Sæti hans tók [Jóhann Einvarðsson](#).

[Ingbjörg Sólrún Gísladóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 13. júní 1994. Sæti hennar tók [Guðrún J. Halldórsdóttir](#).

118. löggjafarþing, 01.10.1994–25.02.1995

[Jóhanna Sigurðardóttir](#) hafði verið í þingflokki Alþýðuflokksins frá því að hún var fyrst kjörin á þing í þingkosningunum 25. júní 1978 er hún sagði sig úr flokknunum 16. september 1994. Jóhanna tilheyrði því ekki þingflokki Alþýðuflokksins þegar 118. löggjafarþing var sett, 1. október 1994, og var utan flokka allt það þing, sem var hið síðasta á kjörtímabilinu. Jóhanna hafði um þessar mundir forystu um stofnun Þjóðvaka – hreyfingar fólksins sem tók til starfa 27. nóvember 1994 og leiddi lista þess flokks í Reykjavíkurbjórðæmi í alþingiskosningunum 8. apríl 1995. Þar eð brotthvarf Jóhönnu úr þingflokki Alþýðuflokksins bar að þegar Alþingi var ekki að störfum er þess ekki getið í *Alþingistíðindum* svo að séð verði. Jóhanna sat eftir þetta samfellt á þingi uns þingferli hennar lauk við lok 141. löggjafarþings 27. apríl 2013.

121. löggjafarþing, 01.10.1996–17.05.1997

[Ólafur Ragnar Grímsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 10. júlí 1996 eftir að hafa hlotið kjör í embætti forseta Íslands. Sæti hans tók [Sigríður Jóhannesdóttir](#).

[Rannveig Guðmundsdóttir](#) tilkynnti um samruna þingflokka Alþýðuflokksins og Þjóðvaka í nýjan þingflokk jafnaðarmanna á þingfundi 2. október 1996, sem var framhaldsþingsetningarfundur frá deginum áður. Í hinum nýja þingflokki voru 11 þingmenn sem kjörnir höfðu verið af A-lista Alþýðuflokksins og J-lista Þjóðvaka – hreyfingar fólksins, í þingkosningum 8. apríl 1995: [Ágúst Einarsson](#) (J), [Ásta R. Jóhannesdóttir](#) (J), [Gísli S. Einarsson](#) (A), [Guðmundur Árni Stefánsson](#) (A), [Jóhanna Sigurðardóttir](#) (J), [Jón Baldvin Hannibalsson](#) (A), [Lúðvík Bergvinsson](#) (A), [Rannveig Guðmundsdóttir](#) (A), [Sighvatur Björgvinsson](#) (A), [Svanfríður Jónasdóttir](#) (J) og [Össur Skarphéðinsson](#) (A).<sup>12</sup>

122. löggjafarþing, 01.10.1997–05.06.1998

[Kristín Ástgeirsdóttir](#) tilkynnti um úrsögn sína úr þingflokki Samtaka um kvennalista á þingfundi 20. nóvember 1997. Kristín var utan flokka frá því að hún gekk úr þingflokki Samtaka um kvennalista þar til hún gekk til liðs við þingflokk óháðra sem stofnaður var 16. september 1998 og tilkynnt var um er 123. löggjafarþing var sett 1. október 1998. Þingferli Kristínar lauk við slit 123. löggjafarþings, 8. maí 1999.

[Jón Baldvin Hannibalsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. janúar 1998. Sæti hans tók [Ásta B. Þorsteinsdóttir](#).

[Hjörleifur Guttormsson](#) tilkynnti á þingfundi 1. október 1998 um stofnun nýs þingflokks, þingflokks óháðra, sem átt hefði sér stað 16. september 1998 og sagði ákvörðunina byggjast á því að flokkarnir sem þingmennirnir í hinum nýja þingflokki tilheyrðu til þessa hefðu „horfið frá því að efna til framboðs í eigin nafni og á grundvelli eigin stefnu í komandi alþingiskosningum“. Auk Hjörleifs urðu [Kristín Ástgeirsdóttir](#), [Steingrímur J. Sigfússon](#) og [Ögmundur Jónasson](#) liðsmenn þingflokks óháðra við stofnun hans.

123. löggjafarþing, 01.10.1998–25.03.1999

[Friðrik Sophusson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. janúar 1999. Sæti hans tók [Katrín Fjeldsted](#).

[Ásta B. Þorsteinsdóttir](#) lést 12. október 1998. Sæti hennar tók [Magnús Árni Skjöld Magnússon](#).

[Kristinn H. Gunnarsson](#) tilkynnti um úrsögn sína úr þingflokki Alþýðubandalagsins og óháðra á þingfundi 14. október 1998 og var utan flokka til 7. desember 1998 en þá greindi forseti Alþingis frá inngöngu Kristins í þingflokk Framsóknarflokksins. Kristinn sat á þingi samfleytt eftir þetta til loka 136. löggjafarþings 25. apríl 2009 sem liðsmaður Framsóknarflokksins, Frjálslynda flokksins og einnig utan flokka.

[Rannveig Guðmundsdóttir](#) tilkynnti um stofnun nýs þingflokks, þingflokks Samfylkingarinnar, á þingfundi 19. febrúar 1999 sem stofnaður hefði verið daginn áður. Í þingflokknum voru, auk Rannveigar: [Ágúst Einarsson](#), [Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir](#), [Bryndís Hlöðversdóttir](#), [Gísli S. Einarsson](#), [Guðmundur Árni Stefánsson](#), [Guðný Guðbjörnsdóttir](#), [Jóhanna Sigurðardóttir](#), [Lúðvík Bergvinsson](#), [Magnús Árni Skjöld Magnússon](#), [Margrét Frímansdóttir](#), [Ragnar Arnalds](#), [Sighvatur Björgvinsson](#), [Sigríður Jóhannesdóttir](#), [Svanfríður Jónasdóttir](#), [Svavar Gestsson](#) og [Össur Skarphéðinsson](#).

[Kristín Halldórsdóttir](#), þingmaður Samtaka um kvennalista, skýrði frá því á þingfundi 22. febrúar 1999 að hún hefði gengið til liðs við þingflokk óháðra. Tildrögin voru þau að á þingfundi 19. febrúar 1999 var greint frá því að daginn áður hefði þingflokkur nýrra stjórnmalasamtaka, Samfylkingarinnar, verið stofnaður og í hann gekk [Guðný Guðbjörnsdóttir](#), ein þriggja þingmanna sem höfðu verið kjörnir á þing af lista Samtaka um kvennalista í þingkosningum 8. apríl 1995. [Kristín Ástgeirsdóttir](#) kvennalistakona hafði þegar gengið í þingflokk óháðra. Þingsetu Kristínar Halldórsdóttur lauk er 123. löggjafarþingi var frestað 8. maí 1999.

---

<sup>12</sup> Í fréttaviðtali í *Degi* 28. janúar 1998 við Jóhönnu Sigurðardóttur formann Þjóðvaka lýsti hún þingflokki jafnaðarmanna svo: „Innan þingflokks jafnaðarmanna eru Þjóðvaki og Alþýðuflokkurinn tvær sjálfstæðar stjórnmalahreyfingar með sitt hvort skipulagið.“ Samkvæmt fregn á [mbl.is](#) 26. nóvember 1997 hafði verið afráðið á aðalfundi Þjóðvaka 24. nóvember að flokkurinn byði ekki fram lista við næstu þingkosningar. Ágúst Einarsson lýsti því þá yfir að hann gengi til liðs við Alþýðuflokkinn og fram kemur á [vef Alþingis](#) að það gerðu tveir aðrir þingmenn flokksins einnig á kjörtímabilinu. Þjóðvaki rann inn í Samfylkinguna árið 2000.

[Svavar Gestsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 7. mars 1999. Sæti hans tók [Guðrún Helgadóttir](#).

KJÖRTÍMABILID 1999–2003

125. löggjafarþing, 01.10.1999–02.07.2000

[Finnur Ingólfsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. janúar 2000. Sæti hans tók [Jónína Bjartmarz](#).

126. löggjafarþing, 02.10.2000–20.05.2001

[Sighvatur Björgvinsson](#) afsalaði sér þingmennsku 12. febrúar 2001. Sæti hans tók [Karl V. Matthíasson](#).

[Ingibjörg Pálmadóttir](#) afsalaði sér þingmennsku 14. apríl 2001. Sæti hennar tók [Magnús Stefánsson](#).

127. löggjafarþing, 01.10.2001–03.05.2002

[Árni Johnsen](#) afsalaði sér þingmennsku 2. ágúst 2001. Sæti hans tók [Kjartan Ólafsson](#).

[Hjálmar Jónsson](#) afsalaði sér þingmennsku 8. ágúst 2001. Sæti hans tók [Sigríður Ingvarsdóttir](#).

128. löggjafarþing, 01.10.2002–15.03.2003

[Vilhjálmur Egilsson](#) afsalaði sér þingmennsku 16. janúar 2003. Sæti hans tók [Adolf H. Berndsen](#).

[Kristján Pálsson](#) sagði sig úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins með bréfi dagsettu 3. mars 2003 sem forseti Alþingis las upp á þingfundi sama dag. Hann var síðan utan flokka til loka þingferils síns er 128. löggjafarþingi var frestað 10. maí 2003.

KJÖRTÍMABILID 2003–2007

130. löggjafarþing, 01.10.2003–22.07.2004

[Tómas Ingi Olrich](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. janúar 2003. Sæti hans tók [Arnbjörg Sveinsdóttir](#).

131. löggjafarþing, 01.10.2004–11.05.2005

[Árni R. Arnason](#) lést 16. ágúst 2004. Sæti hans tók [Kjartan Ólafsson](#).

[Gunnar Örlygsson](#) sagði sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins í ræðu á þingfundi 11. maí 2005. Á sama þingfundi greindi þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins frá því að beiðni Gunnars um inngöngu í þingflokki Sjálfstæðisflokksins hefði verið samþykkt fyrir um daginn. Gunnar var liðsmaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins þar til þingsetu hans lauk við lok 133. löggjafarþings 11. maí 2007.

132. löggjafarþing, 01.10.2005–03.06.2006

[Bryndís Hlöðversdóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. ágúst 2005. Sæti hennar tók [Ingibjörg Sólrún Gísladóttir](#).

[Guðmundur Árni Stefánsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. september 2005. Sæti hans tók [Valdimar L. Friðriksson](#).

[Davíð Oddsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. október 2005. Sæti hans tók [Ásta Möller](#).

[Árni Magnússon](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 7. mars. 2006. Sæti hans tók [Guðjón Ólafur Jónsson](#).

[Gunnar Birgisson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 30. maí 2006. Sæti hans tók [Sigurrós Þorgrímsdóttir](#).

[Halldór Ásgrímsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 5. september 2006. Sæti hans tók [Sæunn Stefánsdóttir](#).

133. löggjafarþing, 02.10.2006–18.03.2007

[Valdimar L. Friðriksson](#) sagði sig úr þingflokki Samfylkingarinnar með bréfi dagsettu 19. nóvember 2006 sem forseti Alþingis las upp á þingfundi 20. nóvember. Valdimar var utan flokka þar til forseti las upp á þingfundi 22. janúar 2007 bréf þess efnis að hann væri genginn í þingflokki Frjálslynda flokksins.

[Kristinn H. Gunnarsson](#) sagði sig úr þingflokki framsóknarmanna með bréfi sem forseti Alþingis las upp á þingfundi 12. febrúar 2007. Á þingfundi 19. febrúar 2007 las forseti upp bréf Kristins þess efnis að hann hefði þann sama dag gengið í þingflokki Frjálslynda flokksins.

## KJÖRTÍMABILÍÐ 2007–2009

135. löggjafarþing, 01.10.2007–12.09.2008

[Einar Oddur Kristjánsson](#) lést 14. júlí 2007. Sæti hans tók [Herdís Þórðardóttir](#).

136. löggjafarþing, 01.10.2008–17.04.2009

[Bjarni Harðarson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 11. nóvember 2008. Sæti hans tók [Helga Sigrún Harðardóttir](#).

[Guðni Ágústsson](#) afsalaði sér þingmennsku 17. nóvember 2008. Sæti hans tók [Eygló Harðardóttir](#).

[Jón Magnússon](#) skýrði frá því á þingfundi 9. febrúar 2009 að hann hefði sagt sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins og úr Frjálslynda flokksnum og myndi starfa sem þingmaður utan flokka. Á þingfundi 19. febrúar 2009 greindi forseti Alþingis frá því að borist hefði bréf frá Jóni þess efnis að hann hefði gengið í þingflokk Sjálfstæðisflokksins. Þingferli Jóns lauk er 136. löggjafarþingi var frestað 25. apríl 2009.

[Kristinn H. Gunnarsson](#) sagði sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins með bréfi dagsettu 25. febrúar 2009 sem forseti las á þingfundi 26. febrúar 2009. Kristinn var utan flokka eftir þetta þar til þingferli hans lauk er 136. löggjafarþingi var frestað 25. apríl 2009.

[Karl V. Matthíasson](#) tilkynnti á þingfundi 13. mars 2009 að hann hefði sagt skilið við þingflokk Samfylkingarinnar og gengið í þingflokk Frjálslynda flokksins. Karl var liðsmaður þingflokks Frjálslynda flokksins þar til þingsetu hans lauk er 136. löggjafarþingi var frestað 25. apríl 2009.

## KJÖRTÍMABILÍÐ 2009–2013

137. löggjafarþing, 15.05. 2009–28.08.2009

[Þráinn Bertelsson](#) sagði sig úr þingflokki Borgarahreyfingarinnar og lýsti því yfir að hann myndi starfa sem óháður þingmaður með bréfi sem forseti Alþingis las upp á þingfundi 17. ágúst 2009. Hinn 8. september 2010, á 138. löggjafarþingi, las forseti bréf formanns þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um að þingflokkurinn hefði þann sama dag fallist á inngöngu Þráins. Þráinn var liðsmaður þingflokks Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs þar til þingferli hans lauk við lok kjörtímabilsins 27. apríl 2013.

138. löggjafarþing, 01.10.2009–28.09.2010

[Birgitta Jónsdóttir](#), [Margrét Tryggvadóttir](#) og [Þór Saari](#), sem kjörin voru til þingsetu af framboðslistum Borgarahreyfingarinnar í alþingiskosningum 25. apríl 2009, tilkynntu um stofnun [þingflokks Hreyfingarinnar](#) með bréfi til forseta Alþingis á þingsetningardeg, 1. október 2009, og skýrði forseti frá þessum tíðindum á þingfundi sama dag. Voru þá allir þingmenn á braut úr [þingflokki Borgarahreyfingarinnar](#) og hann var ekki starfræktur eftir þetta. Þremmingarnir skipuðu þingflokk Hreyfingarinnar til loka kjörtímabilsins 27. apríl 2013.

[Steinunn Valdís Óskarsdóttir](#) afsalaði sér þingmennsku 31. maí 2010. Sæti hennar tók [Mörður Árnason](#).

139. löggjafarþing, 01.10. 2010–17.09. 2011

[Atli Gíslason](#) sagði sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 21. mars 2011 og greindi frá því að hann myndi starfa sem óháður þingmaður. Forseti Alþingis tilkynnti um úrsögnina á þingfundi sama dag. Atli var utan flokka eftir þetta þingsetu hans lauk við lok 141. löggjafarþings 27. apríl 2013.

[Lilja Mósesdóttir](#) sagði sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 21. mars 2011 og upplýsti að hún myndi starfa sem óháður þingmaður. Forseti Alþingis tilkynnti um úrsögnina á þingfundi sama dag. Lilja var utan flokka eftir þetta allt þar til þingsetu hennar lauk við lok 141. löggjafarþings 27. apríl 2013.

[Ásmundur Einar Daðason](#) sagði sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 14. apríl 2011 og kvaðst ætla að starfa sem óháður þingmaður. Forseti Alþingis greindi frá þessu á þingfundi sama dag. Ásmundur Einar gekk í þingflokk Framsóknarflokksins 1. júní 2011 og las forseti Alþingis tilkynningu þess efnis á þingfundi þann sama dag. Ásmundur Einar hefur síðan verið liðsmaður Framsóknarflokksins, þingmaður og ráðherra.

[Guðmundur Steingrímsson](#) sagði sig úr þingflokki framsóknarmanna með bréfi dagsettu 26. ágúst 2011 og greindi frá því að hann myndi starfa sem þingmaður utan flokka. Forseti las tilkynningu þessa efnis á þingfundi



2. september 2011. Guðmundur var utan flokka til loka 141. löggjafarþings 27. apríl 2013. Hann var kjörinn á þing í alþingiskosningum 27. apríl 2013 fyrir Bjarta framtíð sem stofnuð var 4. febrúar 2012.

[Þórunn Sveinbjarnardóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 5. september 2011. Sæti hennar tók [Lúðvík Geirsson](#).

141. löggjafarþing, 11.09.2012–28.03.2013

[Róbert Marshall](#) skýrði frá því á þingfundi 11. október 2012 að hann hefði sagt sig úr þingflokki Samfylkingarinnar þann sama dag og gengið til liðs við Bjarta framtíð. Björt framtíð hafði þá engan þingflokk og var Róbert utan flokka til loka 141. löggjafarþings 27. apríl 2013. Hann var kjörinn á þing í alþingiskosningum 27. apríl 2013 fyrir Bjarta framtíð.

[Guðfríður Lilja Grétarsdóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 1. janúar 2013. Sæti hennar tók [Ólafur Þór Gunnarsson](#).

[Jón Bjarnason](#) sagði sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs með bréfi dagsettu 23. janúar 2013 og kvaðst ætla að starfa utan flokka. Forseti Alþingis tilkynnti þetta á þingfundi sama dag. Jón var utan flokka það sem eftir var af 141. löggjafarþingi en þingferli hans lauk við frestun þess 28. mars 2013.

KJÖRTÍMABILID 2013–2016

144. löggjafarþing, 09.09.2014–03.07.2015

[Árni Þór Sigurðsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 18. ágúst 2014. Sæti hans tók [Steinunn Þóra Árnadóttir](#).

[Pétur H. Blöndal](#) lést 26. júní 2015. Sæti hans tók [Sigríður Á. Andersen](#).

145. löggjafarþing, 08.09.2015–13.10.2016

[Jón Þór Ólafsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 8. september 2015. Sæti hans tók [Ásta Guðrún Helgadóttir](#).

[Guðbjartur Hannesson](#) lést 23. október 2015. Sæti hans tók [Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir](#).

KJÖRTÍMABILID 2016–2017

146. löggjafarþing, 06.12.2016–01.06.2017

[Ólöf Nordal](#) lést 8. febrúar 2017. Sæti hennar tók [Hildur Sverrisdóttir](#).

KJÖRTÍMABILID 2017–2021

149. löggjafarþing, 11.09.2018–02.09.2019

[Karl Gauti Hjaltason](#) og [Ólafur Ísleifsson](#), sem kjörnir voru á þing af framboðslistum Flokks fólksins í þingkosningum 28. október 2017, lýstu því yfir í sameiginlegu bréfi til forseta Alþingis, sem forseti las upp á þingfundi 3. desember 2018, að þeir myndu starfa á Alþingi sem þingmenn utan flokka og hafa með sér samstarf. Á þingfundi 26. febrúar 2019 greindi forseti Alþingis frá því að borist hefði bréf frá Karli Gauta Hjaltasyni og Ólafi Ísleifssyni, dagsett 25. febrúar 2019, þess efnis að þeir hefðu gengið til liðs við þingflokk Miðflokksins.

150. löggjafarþing, 10.09.2019–04.09.2020

[Andrés Ingi Jónsson](#) sagði sig úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs með bréfi dagsettu 27. nóvember 2019 og lýsti því jafnframt yfir að hann myndi starfa sem þingmaður utan flokka. Forseti Alþingis tilkynnti um þetta á þingfundi sama dag. Hinn 11. febrúar 2021, á 151. löggjafarþingi, greindi forseti Alþingis frá því á þingfundi að borist hefði tilkynning frá Andrési Inga, dagsett sama dag, um að hann væri genginn til liðs við þingflokk Pírata. Andrés Ingi var kjörinn til þingsetu af framboðslista Pírata í Reykjavíkurdæmi norður í þingkosningunum 25. september 2021.

[Þorsteinn Víglundsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 14. apríl 2020. Sæti hans tók [Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir](#).

151. löggjafarþing, 01.10.2020–06.07.2021

[Þórunn Egilsdóttir](#) lést 9. júlí 2021, þremur dögum eftir frestun 151. löggjafarþings. Sæti hennar tók [Þórarinn Ingi Pétursson](#).

[Rósa Björk Brynjólfssdóttir](#) gekk úr þingflokki Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs 17. september 2020. Forseti Alþingis las upp tilkynningu þessa efnis á þingsetningarfundum 1. október 2020 þar sem jafnframt kom fram að Rósa Björk hygðist starfa utan þingflokka. Hinn 16. desember 2020 tilkynnti forseti Alþingis að Rósa Björk hefði skýrt frá því með bréfi dagsettu þann sama dag að hún gengi til liðs við þingflokk Samfylkingarinnar frá og með þeim degi.

KJÖRTÍMABILÍÐ 2021–

152. löggjafarþing, 23.11.2021–16.06.2022

[Birgir Þórarinnsson](#), sem kjörinn var til þingsetu af framboðslista Miðflokksins í alþingiskosningum 25. september 2021, gekk til liðs við þingflokk Sjálfstæðisflokksins áður en 152. þing var sett. Á þingsetningarfundum, 23. nóvember 2021, las aldursforseti bréf Birgis um að hann hefði sagt sig úr Miðflokknum 8. október 2021 og gengið í þingflokk Sjálfstæðisflokksins.

153. löggjafarþing, 13.09.2022–09.06.2023

[Haraldur Benediktsson](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 30. apríl 2023. Forseti Alþingis las bréf þessa efnis á þingfundum 2. maí 2023. Sæti hans tók [Teitur Björn Einarsson](#).

154. löggjafarþing, 12.09.2023–2024.

[Helga Vala Helgadóttir](#) afsalaði sér þingmennsku frá og með 4. september 2023. Sæti hennar tók [Dagbjört Hákonardóttir](#).

ÞINGMENN SEM AFSÖLUÐU SÉR ÞINGMENNSKU FRÁ 1959

	Nafn þingmanns	Þingsetu lauk	Stjórnmalaflokkur
1	<a href="#">Gunnar Thoroddsen</a> <sup>13</sup>	12.05.1965	Sjálfstæðisflokkur
2	<a href="#">Guðmundur Í. Guðmundsson</a>	12.05.1965	Alþýðuflokkur
3	<a href="#">Einar Ingimundarson</a>	31.01.1966	Sjálfstæðisflokkur
4	<a href="#">Davíð Ólafsson</a>	11.04.1967	Sjálfstæðisflokkur
5	<a href="#">Sigurður Bjarnason</a>	28.02.1970	Sjálfstæðisflokkur
6	<a href="#">Benedikt Gröndal</a>	10.10.1982	Alþýðuflokkur
7	<a href="#">Lárus Jónsson</a>	10.10.1984	Sjálfstæðisflokkur
8	<a href="#">Tómas Árnason</a>	27.12.1984	Framsóknarflokkur
9	<a href="#">Sverrir Hermannsson</a>	17.05.1988	Sjálfstæðisflokkur
10	<a href="#">Albert Guðmundsson</a>	02.04.1989	Borgaraflokkur
11	<a href="#">Kjartan Jóhannsson</a>	09.10.1989	Alþýðuflokkur
12	<a href="#">Kristín Halldórsdóttir</a> <sup>14</sup>	09.10.1989	Samtök um kvemalista
13	<a href="#">Guðrún Agnarsdóttir</a>	09.10.1990	Samtök um kvemalista
14	<a href="#">Birgir Ísleifur Gunnarsson</a>	31.01.1991	Sjálfstæðisflokkur
15	<a href="#">Jón Sigurðsson</a>	14.06.1993	Alþýðuflokkur
16	<a href="#">Eiður Guðnason</a>	01.09.1993	Alþýðuflokkur
17	<a href="#">Karl Steinar Guðnason</a>	23.09.1993	Alþýðuflokkur
18	<a href="#">Steingrímur Hermannsson</a>	01.05.1994	Framsóknarflokkur

<sup>13</sup> Gunnar Thoroddsen var í framboði í alþingiskosningum á nýjan leik 13. júní 1971 og var þá kjörinn til þingmennsku. Hann tók sæti á 92. löggjafarþingi um haustið og gegndi þingmennsku samfellt til loka 105. löggjafarþings, 22. apríl 1983.

<sup>14</sup> Kristín Halldórsdóttir bauð sig fram til þingsetu á nýjan leik í alþingiskosningunum 8. apríl 1995 og náði kjöri. Hún tók sæti á 119. löggjafarþingi, vorið 1995, og gegndi þingmennsku samfellt til loka 123. löggjafarþings, 8. maí 1999.

19	<a href="#">Ingibjörg Sólrún Gísladóttir</a> <sup>15</sup>	13.06.1994	Samtök um kvemalista
20	<a href="#">Ólafur Ragnar Grímsson</a>	10.04.1996	Alþýðubandalagið
21	<a href="#">Jón Baldvin Hannibalsson</a>	27.01.1998	Alþýðuflokkur
22	<a href="#">Friðrik Sophusson</a>	01.01.1999	Sjálfstæðisflokkur
23	<a href="#">Svavar Gestsson</a>	06.03.1999	Samfylkingin
24	<a href="#">Finnur Ingólfsson</a>	31.12.1999	Framsóknarflokkur
25	<a href="#">Sighvatur Björgvinsson</a>	12.02.2001	Samfylkingin
26	<a href="#">Ingibjörg Pálmadóttir</a>	14.04.2001	Framsóknarflokkur
27	<a href="#">Árni Johnsen</a> <sup>16</sup>	02.08.2001	Sjálfstæðisflokkur
28	<a href="#">Hjálmar Jónsson</a>	08.09.2001	Sjálfstæðisflokkur
29	<a href="#">Vilhjálmur Egilsson</a>	16.01.2003	Sjálfstæðisflokkur
30	<a href="#">Tómas Ingi Olrich</a>	31.12.2003	Sjálfstæðisflokkur
31	<a href="#">Bryndís Hlöðversdóttir</a>	01.08.2005	Samfylkingin
32	<a href="#">Guðmundur Árni Stefánsson</a>	01.09.2005	Samfylkingin
33	<a href="#">Davíð Oddsson</a>	30.09.2005	Sjálfstæðisflokkur
34	<a href="#">Árni Magnússon</a>	07.03.2006	Framsóknarflokkur
35	<a href="#">Gunnar Birgisson</a>	30.05.2006	Sjálfstæðisflokkur
36	<a href="#">Halldór Ásgrímsson</a>	05.09.2006	Framsóknarflokkur
37	<a href="#">Bjarni Harðarson</a>	11.11.2008	Framsóknarflokkur
38	<a href="#">Guðni Ágústsson</a>	17.11.2008	Framsóknarflokkur
39	<a href="#">Steinunn Valdís Óskarsdóttir</a>	31.05.2010	Samfylkingin
40	<a href="#">Þórunn Sveinbjarnardóttir</a> <sup>17</sup>	05.09.2011	Samfylkingin
41	<a href="#">Guðfríður Lilja Grétarsdóttir</a>	31.12.2013	Vinstrihreyfingin-grænt framboð
42	<a href="#">Árni Þór Sigurðsson</a>	18.08.2014	Vinstrihreyfingin-grænt framboð
43	<a href="#">Jón Þór Ólafsson</a> <sup>18</sup>	07.09.2015	Píratar
44	<a href="#">Þorsteinn Víglundsson</a>	14.04.2020	Viðreisn
45	<a href="#">Haraldur Benediktsson</a>	02.05.2023	Sjálfstæðisflokkur
46	<a href="#">Helga Vala Helgadóttir</a>	03.09.2023	Samfylkingin

#### ÞINGMENN (AÐALMENN) SEM LÉTUST MEÐAN Á ÞINGMENNSKU STÓÐ FRÁ 1959

	Nafn þingmanns	Dánardagur
1	<a href="#">Garðar Halldórsson</a>	11.03.1961
2	<a href="#">Ólafur Thors</a>	31.12.1964
3	<a href="#">Pétur Benediktsson</a>	29.06.1969
4	<a href="#">Skúli Guðmundsson</a>	05.10.1969
5	<a href="#">Bjarni Benediktsson</a>	10.07.1970
6	<a href="#">Gísli Guðmundsson</a>	04.11.1973
7	<a href="#">Jón Árnason</a>	23.07.1977

<sup>15</sup> Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók að nýju sæti á Alþingi á 131. löggjafarþingi, 1. ágúst 2005, við þingmennskuafsal Bryndísar Hlöðversdóttur. Ingibjörg Sólrún var í framboði í þingkosningunum 12. maí 2007 og var kjörin. Þingferli hennar lauk við slit 136. löggjafarþings, 25. apríl 2009.

<sup>16</sup> Árni Johnsen bauð sig fram til þingsetu í kosningunum 12. maí 2007 og náði kjöri. Hann tók sæti á Alþingi að nýju við upphaf 134. löggjafarþings og sat samfellt á þingi til loka 141. þings, 27. apríl 2013.

<sup>17</sup> Þórunn Sveinbjarnardóttir tók að nýju sæti á Alþingi á 152. löggjafarþingi eftir kosningarnar 25. september 2021.

<sup>18</sup> Jón Þór Ólafsson tók sæti á Alþingi að nýju eftir kosningarnar 29. október 2016 og sat á þingi til loka 151. löggjafarþings 24.09.2021.

8	Vilmundur Gylfason	19.06.1983
9	Ólafur Jóhannesson	20.05.1984
10	Benedikt Bogason	30.06.1989
11	Ásta B. Þorsteinsdóttir	12.10.1998
12	Árni R. Arnason	16.08.2004
13	Einar Oddur Kristjánsson	14.07.2007
14	Pétur H. Blöndal	26.06.2015
15	Guðbjartur Hannesson	23.10.2015
16	Ólöf Nordal	08.02.2017
17	Þórunn Egilsdóttir	09.07.2021